

HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

6. blað.

Var heimurinn skapaður á sex dögum?

(Lauslega þýtt úr „Biblical World“)

Nokkrir unglingar í einum sunnudagsskólanum í bænum (Chicago) beiddust þess nýlega að prestur safnaðarins yfirheyrið bekkinn einn sunnudag svo að þeir fengi úrlausn hans á ýmsum spurningum, er kennarinn hefði ekki viljað svara. Meðal annars er þau spurðu var það, *hvort heimurinn hefði verið skapaður á sex dögum.*

Í bibliunni, sem þeim hefði verið kent, bæði í sunnudagsskólanum og kyrkjunni að væri heilög sannleikans bók, lásu þau það sem virtist vera fullkomin staðhæfing þess, að heimurinn hefði verið skapaður á sex dögum.

Aftur á alþýðuskólunum var þeim kent, að allir þeir hlutir sem þau sæi hefði myndast og verið að ná því ásigkomulagi, sem þeir nú bæri, ekki eingöngu um nokkrar aldir, heldur í þúsundir alda. Og foreldrarnir ýmist samsintu kenningu alþýðuskólans til niðrunar kyrkju og sunnud.skóla, eða voru jafn fáfróð að ráða fram úr spurningunni eins og börnin sjálf. Börnin báru traust til prestsins að hann mundi geta svarað þessu og þess vegna leitudu þau til hans.

Vér kýmum, ef til vill, að þessum vandræðum barnanna. Oss hefir sjálfum verið kent það fyrir afarlöngu, að „dagarnir“ í Genesis þýði eiginlega löng tímabil, eða þá það, að sköpunarsagan, er beri með sér heimsskoðanir fornaldarinnar og fáfræðinnar, öðlist sitt verulega gildi, ekki með frásögunni um það hversu heimurinn varð til, né hversu lengi sköpunin tók, heldur með þeirri trúarlegu og siðferðislegu kenning, sem hinir fornu

spekingar Israels notuðu þessar sögur til að útskýra, og verða því þessar spurningar barnanna fyrir oss, eins og fjarlæggt bergmál löngu liðinna tíma. Því tilfelli þetta gæti vel mint oss á það, að ýmsar fornar ráðgátur sé enn við líði fyrir börn og ýmsa fleiri, lítt þroskaða að skilningi, er margir ætla að sé löngu ráðnar.

En þó er atriði þetta öllu merkilegra með hvaða samanhurð það færir oss við liðinn tíma. Fyrir mannsaldri síðan voru spurningar þess, sem nú eru að vefjast fyrir börnum, einhver hin alvarlegustu vandræðamál fyrir hálerða presta og guðfræðiskennara.

Þegar jarðfræðin fyrst kom fram með þann vitnisburð sinn er bæði fjöll og dalir og alt yfirborð jarðar staðfesti, að jörðin hefði verið að myndast um ótölulegar aldaradir, þá ætluðu margir einlægir kyrkjutrúarmenn að komin væri upp sú versta villa sem heyrst hefði nokkru sinni á meðal kristinna manna. og með því væri áráss hafin á sannleiks gildi allrar ritningarinnar og guðshugmyndinni bygt út úr heiminum.

Þó komust á spektir, með því að komið var þá upp með það, að höfundur Genesis hefði aldrei hugsast að tákna einn „dag“ * sem dægur, með því orði, heldur löng tímabil, og var svo reynt að sameina jarðfræðina við þessar daga aldir í Genesis. En skömmu seinna varð það þó ljóst—hversu vel sem það hefnadist að samlaga sögusögn jarðlaganna og bókfella—að höf. Genesis notaði orðið „dag“ í sinni venjulegu merkingu, sem táknaði frestinn milli uppgöngu og niðurgöngu sólar, og varð að leyta nýrrar útlekkingar, því það sannaðist þá líka, að Israels spekingurinn var og heldur ekki höfundur Gen. sögunnar, en notaði hana að líkindum að eins sem útskýringu á trúarhugmyndum sínum, og að alt hennar gildi er þar í innifalið, að svo miklu leyti sem hún fær gagnað til þess.

x) Í sunnudagsskóla-lexíu blöðum Lúth. kyrkjunnar er enn reynt að útskýra orðið „dag“ á þessum stað í Genesis sem tímabil, þvert ofan í það, sem allur hinn mentaði heimur viðurkennir, til þess að vefengja ekki orðin í „hinna alhelgu bók“. Sbr. Internat. S. S. Lessons, Aug. Syn. Phila.

Fjöldi lesenda vorra hafa lifað yfir allar þessar breytingar og margir sjálfsagt að eins erft þessa skoðun frá liðinni kynslóð, og áreiðanlega hefir það ekki náð til þess að skerða trú þeirra á guði, þótt Genesis frásagan félli úr sögunni, heldur til trúarörfunar.

En hvað skal segja um öll þau vandamál, sem mæta oss nú á dögum og eru þegar farin að draga upp fyrir sjóndeildarhringinn og þá og þegar boða veður? Erum vér nú loks búin að leysa úr öllum þeim málum, að þau gjöri kristnina nú öflugri eftir en áður, svo hún þoli alla eldraun komandi alda. Og eru hin sem eftir eru dauðlegir féndur trúarinnar, er vér verðum að koma í hel, eða að öðrum kosti láta rænast trúnni.

Vér ætlum ekki að semja skrá yfir öll þau málefni, sem um verða rædd, enda yrði enginn ásáttur með annars skoðanir í því efni. En hver hugsandi maður á ótal óráðin vandamál. Hversu ætlum vér að ráða fram úr þeim?

Í fyrsta lagi, vér verðum undantölulaust að viðurkenna sannleikann. Kristindómurinn né nokkur önnur hreyfing í heiminum hefir aldrei grætt við það, að neita sannleikanum. Enda er ekkert undirstöðuatriði stærra í trúarlærdómi Jesú og Páls en þessi orð Páls sjálfs: „Hvað helst sem er satt“. Það er oss öllum stór siðferðislegur ábyrgðarhluti hversu vér bregðumst við ýmsum sannindum, sem oss eru gerð augljós, og áreiðanlega má kristindómurinn ekki við því sífeldlega að loka augunum fyrir sannleikanum eða með þverlyndi mótmæla því sem hann sér að er rétt.

Og svo í öðru lagi, það er ekki úr vegi fyrir oss að minnst þess, að fleiri sannindi eru til en þau, sem snerta ártöl gamalla bóka, sögulegt gildi fornra rita og sagna, verðleika siðfræðishugmynda spámannanna og postula.

Að baki voru eru margar aldir kristnisögunnar, er engu síður en rit samin fyrir þann tíma, eru mikilsverður lærdómur, fullur af frásögum um menn og konur, er með trausti til guðs hafa rutt konungum af stóli, barist fyrir réttlætinu, unnið stór sigra sér til handa og sinni kynslóð og auk þess eftirkomandi tíma um allan aldur. Og það eru bæði menn og konur á þess-

um tímum, fjöldi mesti, sem ekki leggja fyrir sig að sækjast að eins eftir eigin hagsmunum, heldur að þjóna guði sannleikans og í trausti til hans og í samfélagi með honum hafa öðlast kraft þann sem leiðir til réttlætis og friðar. Og það eru flestir vorir vísindamenn og ágætustu mannanna sona. Kristindómurinn er sögulegs eðlis og uppruna, og hann er ekki frekar liðin tíð—eintóm fornaldarsaga—en nútíðar reynsla og þekking manna.

En í þriðja lagi, þá megum vér vera ásátt með úrslit þau, er rannsóknir síðastliðinna ára hafa í ljós leitt viðvíkjandi þessum málum. Öll trúarbrögð eiga þátt í að safna utan um sín kenningaratriði ýmsum ónaúðsynlegum og jafnvel skaðlegum kreddum. Hinn skriftlærði með heilagri vandlætingasemi fyrir lögmálinu hlóð utan um það háan virkisvegg, og veggurinn er vernda átti lögmálið hefir falið það og jafnvel eyðilagð það. Kristin kyrkja er hefir í höggi átt við ýmislegar sérskoðanir bæði að utan og innan frá, hefir gert miðlungstrú sína að trúarlegum mælikvarða fyrir alla menn, og yfir þann sem dirfast skyldi að hugsa á annan veg, hefir hún helt bannfæringum fyrkomna og ókomna tíð. Varnarveggurinn hlífir um stund, en áður langt um líður myndar dýflissu, er útilokar jafnt sannleik og lýgi, en kæfir alt og deyðir, sem fyrir innan hann er. Og það hefir atvikast þannig, að vér lifum nú á þeim tímum, er bylta um veggjum og niðurbrjóta millipiljur. Á stundum hefir það verið gert með hörðum höndum. En öndvert byltingastefni unni rís jafnan upp hin rétta samhaldsemi mannsandans, sem með jöfnum áhuga viðheldur og verndar það sem satt er og nyt samt, eins og hún vill fyrirkoma því skaðlega og ósanna. Og endalokin verða þau, að alt það sem krefst sannra framfara verður opinberað og gert heyrum kunnugt.

Vér getum þegar séð þess vott. Um leið og hver trúbábyljan er yfirgefin skín með enn skærra ljósi sannleikur sá er hún áður fal. Með því að skipa einni bók eða nokkrum hluta einhverrar bókar á sinn rétta stað, í stað þess að halda honum á röngum stað, lýsir töluvert betur upp sögu hinna andlegu framfara í heiminum. Að leggja áherzluna á andlega yfirburði í stað yfirnáttúrlegra kraftaverka, er ekki trúarleg afturför.

heldur framför. Að viðurkenna að til sé í bókmentum ókristnu trúarbragðanna kenningar eins fagrar, hugsjónir eins háfleygar og þær sem flnnast hjá sálmaskáldi G. Testamentisins og spámanni N. Testam., að játa, að á meðal ókristnaðra þjóða sé menn, er leggi eins traust á sannleikann og leiti eftir réttlætinu og til eru meðal vorra eigin sona og dætra, hlýtur að eins að gófga og hefja hugsjón vora á guði og hans eilífa kærleika til allra mannanna barna.

Vér óttumst það sem vér ekki þekkjum. Vér nötrum fyrir því sem framtíðin ber í skauti. Og það hvorttveggja ber vott um ófullkomleik og óheilleik trúar vorrar. Ekki allar tilgátur er upp kunna að koma eru sannar. Það eru margar falskar staðhæfingar er mótmæla þarf. Þær kunna að gera skaða meðan þær eru við líði. En einlæg rannsókn og leit að sannleikanum, skoðana mismunur og óbeinlínis jafnvel, ólíklegar og falskar tilgátur, munu á komandi tíð, eins og um líðna daga, hreinsa hveitið frá his-ninu og fera oss æ hreinni og ómengaðri sannleikskorn. Vér lifum ekki á öld trúarlegra vegg-hleðslu tíma, heldur í trú, er engra víggirðinga þarf með.

Vér ættum að fagna þeim sannleika og keppa fram móti hinu tilkomandi, ekki fullir ótta og skelfingar, heldur hreysti og vonar. *Það mun vara sem gæð hefir gert.*

Fyrsta ártal sögunnar.

EFTIR

PROF. J. H. BREASTED

(University of Chicago)

Söguritarar er fengust við sagnafræði hebresku þjóðarinnar voru fyrrum mjög kvíðafullir yfir því, að þegar minst varði myndi fornleifarannsóknir verða þess áskynja, að maðurinn

ætti lengri aldur hér á jörðunni en hinn hugboðni tímareikningur G. Testam. myndi leyfa. En allur sá kvíði er nú löngu horfinn, ekki þó vegna þess að þetta hafi ekki þegar komið á daginn, heldu vegna þess, að öllum er það ljóst að á G. Testam. er ekki að byggja, er útreikna á aldur mansins á jörðunni.

Mannfræðin hefir þegar sýnt hversu afarlangur aldur mannkynsins er orðinn. Ártöl þau, samt sem áður er mannfræðingur, ásamt jarðfræðingum fást við eru ekki fast ákveðin, eins og eðlilegt er, þar sem um óteljandi afarlöng tímabil er að ræða. Það er að eins með köflum hér og hvar að maður getur gripið ofan í frásöguna með fullri vissu um stað og stund, og er sú víska, þótt af skornum skamti sé, aðallega fornfræðinni að þakka. Og nú nýlega hafa fornleifa rannsóknir bætt litlum kafla framan við söguna, er myndar afarmerkilegan þátt í sögu Forn-Egypta.

Próf. von Luschan hinn víðfrægi forstöðumaður mannfræðissafnsins í Berlín, fyrir nokkru síðan sýndi höfundi þessarar greinar nokkur sýnishorn af ýmsum tinnu-áhöldum, er gerð höfðu verið af manna höndum og sem höfðu fundist í jarðleifum með fram Níl og sem hann áleit að eldri væri en Nílárdalurinn sjálfur. En hvað sem þess konar leifum líður, sem að eins er fyrir æfðustu jarðfræðinga úr að greina, það sem þannig tekur fram fyrir alla byrjun sögunnar eins og þetta, þá hefir nú nýskeð við rannsóknir á sögulegum leifum Nílárdalsins fundist hið fyrsta áreiðanlega ártal í mannkynssögunni, sem þekst hefir til þessa tíma.

Saga Egypta greinist í þrjá aðal kafla, tekur fyrsti kaflinn yfir Forná konungsdæmið, hinn annar yfir Miðkonungadæmið og sá þriðji yfir keisaradæmið. Löng tímabil aðgreina þessa kafla er menn þekkja næsta lítið til, þó með því að telja til baka frá falli Egyptalands fyrir Persum árið 525 f. t. t. vort. eftir grafletri keisaranna, hefst keisaradæmið ekki seinna en 1052 árum fyrir persneska tímatalið, verður þá upphaf keisaradæmisins á fyrrihluta 16. aldar f. t. t. v. En svo verður ekki talið á grafletri um næsta tímabil þar fyrir framan vegna þess hve lítið hefir fundist af leturspjöldum frá þessum tíma. En

af hendingu hefir þó eitt ártal fundist fyrir mið- konungdæmið, er setur upphaf þess við áramótin 2000 f. tímatal vort, svo að með því má hlaupa yfir þetta óvissa tímabil, er aðgreinir það og keisaradæmið. Ártal þetta er útreiknað eftir sólmyrkva, er letursþjóldin geta um að komið hafi í tíð eins Faraosins mörgum árum fyrir upphaf miðríkisins. En svo kemur aftur annað óvissu tímabil, er menn vita sem næst ekkert um, því frá þeim tíma hefir helst ekkert fundist. Á þeim tíma ríkti í Herakleópolis við Fayum hver fram af annari nífunda og tífunda konunga ættin, als átján konungar. En með því að letrín sýna að ellefta konungsættin, er næst var þar á eftir og einnig sat í Herakleopolis ríki yfir 160 ár, þá byrja ríkisár þeirra átján um 2160 f. t. t. vort. Með því nú að áætla að hver þessara átján hafi til jafnaðar ríkt um sextán ár, sem er öllu skemri tími en sagan sýnir að viðgengist hefir síðan, þá veiða ríkisár þessara átján konunga 286 ár, eða upphaf ríkisstjórnar þeirra árið 2445 fyrir tt. v. Þá má aftur telja á grafletri er þar byrjar aftur, og til baka yfir alt fornkonungdæmið, er byrjar á 3. konungaættinni, um árið 3000 f. tt. v., og svo þaðan upp til fyrstu og annarar konungsættarinnar, er komu til ríkis um 3400 f. tt. v. Þó ber að geta þess í þessum útreikningi, að hér getur hallað um 100 ár, er fornrikið getur hafa hafist fyrr með því að lengd ríkisára 9. og 10. konungsættanna—Herakleopolitan-Faraoanna er ágizkan tóm. Tæpast er þó skakkiinn meiri en það.

Það afarháa menningarstig, er egypska þjóðin hafði náð þegar á dögum fyrstu konungsættarinnar virðist benda á feikna langt tímabil þar fyrir framan svo tugum alda skiftir er sú menning var að komast til vegs, er kostað hefir bæði mikla baráttu og óendanlega langan tíma. Það er órækur vottur að upphaf þessa framfara á ekki skemri aldur en frá fertugustu öldinni fyrir tt. v. Auðvitað er sú staðhæfing naumast meir en tilgáta.

Það er ekki hægt að ákveða með nokkuri vissu hve margar aldir það hefir kostað þjóðina að ná þeim þroska að kunna skil á himintunglunum, læra undirstöðu stjörnuvísindanna, byggingafræðina og að útreikna allnákvaðlega lengd daga og

ára. En það höfðu Egyptar lært þá (3400 f. tt. v.). Er það þá mögulegt að ákveða nokkurt ártal með nokkurveginn vissu innan þessa langa óljósa framtímabils heimssiðmenningarinnar?

Óendanlega snemma höfðu Egyptar myndað sér tímatal og töldu þeir 365 daga í hverju ári án nokkurar athugunar um þann fjórðung sólarhrings, sem þar er fram yfir eða sem næst því. Þessu ári skiltu þeir í tólf mánuði þrítugnætta með 5 daga viðauka við hver áramót. Þessi elsti mánaðareikningur, er ekki hefir átt sinn líka í menningarsögu nokkurar annarar fornþjóðar, var hinn haganlegasti bæði fyrir lærða og leika, enda tóku Grikkir hann upp löngu síðar og notuðu sem byrjunaratriði í öllum sínum stjörnuathugunum. Og enn fremur með viðaukunum þessum fjórðung sólarhrings er upp á vantaði, er tímatal þetta enn notað af stjörnuspekingum, og þarf naumast að geta þess, að það var þessi tímareikningur Egyptanna, sem fluttist frá Nílárþökkunum með Rómverjum inn til Evrópu, og er notaður enn til þessa dags og nefnist Júlíanska tímatalið.

Egyptar byrjuðu árið þegar stjarnan Sothis* varð fyrst sýnileg eftir að hún hafði ekki sést um tíma um sólarupprás. Þessi dagur var hátíðisdagur mikill. Hátíð Sothis bar upp á 19. dag Júlímánaðar, er varð með því nýársdagur Egypta. Og millibilið milli uppkomustjörnnunnar á þessum tíma ákvað lengd ársins. En nú bar ekki Sothis-árinu allveg saman við mánaðarárið, var nærri sex stundum lengra, og árið 3231 f. tt. v. var það réttum fjórðungi sólarhrings lengra. Með hverjun fjórum árum enti mánaðaárið því degi of snemma, svo að, að fjórum árum liðnum, frá því þessi tímareikningur byrjar, fellur hátíð Sothis á annan dag í ný-ári eftir almanaksreikningi.

Eftir því sem fram liðu stundir byrjaði mánaðaárið alt af fyrr og fyrr, uns það hafði farið fulla hringferð og ný-árunum bar saman aftur, þannig, að nýár mánaðaársins byrjaði aftur með 19. Júlí, nýári stjörnufræðisársins. Hringferð þessi tók fjórum sinnum jafnmörg ár og dagarnir voru í mán-

x) Hundastjarnan.

aðáárinu, eða fjórum sinnum 365 ár, sem er 1460 ár. Eða vér gætum sagt, að 1461 mánaðaár væri jöfn 1460 Sothis-árum, eða hinum venjulegu árum eins og tímareikningur vor er nú.

Snemma hefir hlotið að hafa verið tekið eftir þessum skakka, þótt hallinn í sjálfu sér væri svo smár á hverjum mannsaldri, að það orsakaði engan rugling. Hver kynslóð byrjaði því að telja sína daga þaðan frá sem mánaðaárið vísaði til, athugasemdalaust, en eins og að sjálfsögðu, og það þótt flóð og fjara, missiraskifti, sumarkoma, eða miðsumarleytið bæri upp á þenna dag, þessa eða hins mánaðarins. Almúgamaður um fimtugt eða sextugt naumast varð þess var, að missiraskiftin voru orðin tíu til tólf dögum á undan árstíðunum, við það sem verið hefði þegar hann var barn.

Þó er getið í stöku stað á steintöflunum, þessa eltingaleiks mánaðaársins við stjörnufræðisárið. Þannig er þess getið í vegglettri í Sínai, sem ritað er á dögum miðríkisins. (nokkru eftir árið 2000 f. tt. v.), að embættismaður einn er sendur var til eirnámanna þar, og náði þangað á þriðja mánuði vetrar, hefði liðið miklar þrautir og menn hans vegna sumarhitans og sólarsterkjunnar. Þegar svo er komið er skekkjan orðin 7—8 mánuðir milli mánaðaársins og hinna réttu árstíða. Þannig má hvað eftir annað rekja þenna skakka fyrir framan árið 700 f. tt. v. Sex mismunandi atburða er getið, ýmist stjörnufræðislegs eðlis eða þá eins og þetta, þegar mánaðaárið er búið að færa veturinn yfir á sumar, í vegglettri og öðrum fornum leifum. Enn fremur getur Censorinus þess, að á árunum 140—41, til 143—4 tt. v., hafi hinar eðlilegu árstíðir algerlega samstemt árstíðaskifting hins lögboðna mánaðaárs, og eitt árið hafi stjarnan Sothis komið upp á nýársdag mánaðaársins. Heilli hringferð hefir því verið lokið um það leyti, er byrjað hefir 1460 árum fyrr, eða 1320 f. tt. v. Næsta hringferð þar á undan hefir því hafist árið 2789 f. tt. v., eða um það leyti, er vegglettrin fyrst fara að geta um ruglinginn á tímareikningnum. En nú getur það ekki verið að tímareikningur þessi hafi fyrst verið færður í lög á tuttugustu og

áttundu öld fyrir vort tímat. rétt þegar vegur og menning forna konungsdæmisins stóð með sem mestum blóma. Með því líka að þessir fimm víðauka dagar, er féllu inn við hver áramót eru þegar nefndir á myndaletti Pyramidanna, sem miklu eru eldri en frá tíð forna konungsríkisins. Og það sannar að þegar það letur var grafið hefir þessi tímareikningur þegar verið kominn í gildi, því í árinu eru taldir 365 dagar.

Tímareikningurinn er því eldri en forna konungaríkið (2800) f. tt. v. Og fyrst svo er, þá má óhætt fullyrða, að fara megi um eina hringferð enn aftar, því óhugsandi er að hann hafi verið í lög tekinn í annan tíma, en þegar honum lár saman við hina eðlilegu árstíðir að mestu leyti. Það verður þá 1460 árum frammar en upphaf forna konungsríkisins. Eða, tímareikningur þessi hefir verið í lög tekinn um miðja fertugustu og þriðju öld, árið 424 f. tt. v. Og má þetta þá teljast hið fyrsta ártal sögunnar, er hægt sé að ákveða með nokkurnveginn vissu. Það lýsir aðdánlegri þekkingu á náttúrunni, að menn skyldi geta fundið jafn fullkomið tímatal eins og þetta svo snemma á tíma. Og það bendir og á mjög skipulegt stjórnarfyrikkomulag og viðtækt vald, er stjórnendur þeirra tíma hafa haft, er ekki hefir getað til orðið á fáum árum, að þeir skyldi geta leitt aðra eins nýbreytni og þessa í lög, svo að tímatal þetta væri viðtekið.

Og mönnunum, er bjuggu við Nslárbakkana þannig endur fyrir löngu, eigum vér að þakka eitt hið þýðingarmesta at-
 riði heimsmenningarinnar sem til er í sögunni. Uppgötvun þeirra höfum vér að erfðum tekið með mjög lítilli breyting. Og ártal það, þegar þeir fyrst innleiddu, svo að notum kæmi, það sem verið hefir hinn mesti hægðarauki og leiðbeining í allri þeirri margbreytilegu framför og menningu, er mannkynið hefir tekið frá því fyrsta, er *hið fyrsta árcíðanlega ártal sögunnar.*



Gamla testamentið og fornfræðin.

Á öðrum stað í þessu blaði Heimis birtast í lauslegri þýðingu tvær ritgjörðir eftir merka fræðimenn í Bandaríkjunum. Sú fyrri: „Var heimurinn skapaður á sex dögum“, er eftir ritstj. tímaritsins „Biblical World“, rits þess sem Chicago-háskólinn gefur út og stofnað var af Dr. Wm. R. Harper, fyrrum forseta háskólans, en hin síðari: „Fyrsta ártal sögunnar“, er eftir merkan kennara í fornfræðisdeild skólans.

Báðar þessar greinar eru sérstaklega eftirtektarverðar. Þær lýsa svo vel, báðar tvær, álitu fræðimanna í heldri röð, innan ortodoxu kyrkjunnar, hve langt skuli gengið í því að binda sig við Gamla Testam. sem leiðbeinandi bók í vísindum og sögu. Og niðurstaðan verður hjá þeim báðum sú, að það sé alsendis óáreiðanleg bók í þeim efnum. Báðir þessir menn vita um hvað þeir eru að tala. Báðir eru guðfræðingar, en þeir eru hreinskilnir og álíta ekki skyldu sína að fela né dylja samþykki sitt á því, sem meiri hluti hins mentaða heims hefir nú orðið játað í tilliti til ritningarinnar, og sem menn allir hljóta fyrr eða síðar að játa.

Fyrri greinin. „Var heimurinn skapaður á sex dögum“, ætti að vera vekjandi hugvekja til allra ærlega hugsandi manna. Það er spurning, sem beint er að þeim, er kenna og þykjast vera að annast um sálarþarfir unglínganna. Barnaskólinn með jarðfræðina sem kenslubók segir: Jörðin sköpuð á sex dögum? Nei! jörðin ein hefir verið að komast í það ásigkomulag, sem hún er í nú, um óendanlegan tíma. Og þó er jörðin að eins örlftill hluti alls heimsins. Sandkornið í flæðarmálinu er meira borið saman við þessa jörð, en jörðin borin saman við alheiminn. Og þessi jörð var þó svona lengi að skapast, hvað þá allur heimurinn. Sex dagar eða sex tímabil eða sex þúsund tímabil eru of skammur tími sem sköpunartíð alheimsins, hvort þessara sem er.

En svo kemur sunnudagsskólinn með sitt *skyldunám*, biblusögurnar, og segir: „Heimurinn var skapaður á 6 dögum með öllu því sem í honum er, fuglum loftsins, fiskum sjávarins og öllu sem fer um vatnsins veg“. Er sú kensla sönn, er hún börnunum holl, er hún ærleg gagnvart þeim ungu, sem enn þekkja lítið til og byrja sem óvitar, að fá fræðslu sína hjá þeim eldri, er hafa reynsluna fyrir sér, í því sem þeir hafa lært? Eiga fyrstu orðin sem kyrkjan og trúin rita á bók óvítans að vera fölsk lýginnar orð, sem á vitorði hinna eldri verða stimpluð þannig af lærðum sem ólærðum á komandi árum? Eða eiga þeir, sem kenna, að miðla af sínu bezta, sem þeir eiga til, þeim smáa og fáfróða, sem alt á eftir ólært, og alt lífið ólifað? Á að byrja á lífsins mikla sorgarleik strax á sunnudagsskólabecknum, að engu megi trúa, sem kent er, engu treysta, sem sagt er, sá sæði tortrygðar og undirhyggju strax í vonglaða hugann unga jafnframt trúnni á hið góða, og gera þannig ilt og gott, sannleik og lýgi að óaðskiljanlegri heild í sálu barnsins?

En svo tekur ekki hér staðar. Sleppum því að barninu sé þetta kent, og aftur í ríkisskólunum alt annað, því þá kemur jarðfræðin til sögunnar. En hvaða þýðing og gildi hefir þessi frásaga fyrir þá eldri, hvaða trúarefning er í henni fólgin? Fyrir þann sem ber það á meðvitundinni, að hún sé ósönn, verður hún naumast til þess að styrkja skoðun hans á sannleiksgildi annara og miklu mærkuri atriða, er dogmukerfið knýtir við hana, en fyrir þann sem heldur hún sé sönn—en það er alls enginn—hefir hún enga meiri þýðingu en hver önnur frásaga um uppruna jarðarinnar, því trúarstyrk sinn, fær hann úr annari átt. Hún er trú og kyrkju alsendis ónýtt til allra hluta, þótt hún fengi staðist, nema sem vernd til að viðhalda þeim hluta G. T., sem óskeikulum sannleika. Og það væri nóg, ef það væri eini vefengjanlegi staður ritningarinnar. En nú er búið að leggja helzt alla ritninguna undir rannsóknargler fræðimanna og það virðist helzt sem hún sé í öllum sögulegum frásögnum eitt stórt ranghermi og einn stór misskilningur.

Það þykir undarlega að orði komist hjá spámanningum frá Nazareth, er hann sagði að ef fókinu væri boðið að þegja,

myndi steinarnir tala. Fólkinu hefir verið boðið að þegja. En nú eru steinarnir farnir að tala. Og fólkid verður einnig að fara að rjúfa þögnina og fara að taka undir með þeim. Steinarnir eru ekki eingöngu samhljóða í sínum vitnisburði um það, að jörðin hafi ekki orðið til á sex dögum, heldur og líka að menn hafi búið hér á þessari jörð löngu fyrir þann tíma sem Gyðingatruin segir heiminn skapaðann.

Nú í þessum mánuði halda Gyðingar nýárshátíð sína, sem ber upp á 26. sept., þá eiga að vera liðin frá sköpun heimsins 5666 ár. En eftir því sem fornleifar Egypta bera með sér, þá er tímaútreikingur sá sem vér brúkum enn til þessa dags uppgötvaður árið 4241 fyrir tímatal vort, og ef maður bætir svo þar við 1906 árum, þá eru nú liðin 6147 ár síðan. Fyrir svo löngum tíma var fólk komið svo langt á menningaibrautinni að það kunni skil á gaugi himintunglanna og gat reiknað út lengd árstíðanna svo að sem næst engu skakkaði. *En það er sem næst 500 árum áður en G. T. segir heiminn skapaðann.* Hér er þá annað mishermi, sem ervitt verður að lagfæra þótt einhver vildi gera sig ánægðan með að segja að sex sköpunardagarnir þýddi sex tímabil. Aldur mannsins talinn frá Adam eftir því sem sagt er til um aldur allra patriarkanna verður að eins 5666 ár.

Enn fremur verður fornfræðin ekki þess vör að gengið hafi flóð (syndaflóð) yfir alla jörðina nú fyrir rúmum 4000 árum. Um þær mundir er verið að byggja Pyramidana völdugu á Egyptalandi og geta engar heimildir um vinnufólkstöf frá því verki sökum flóða né vinnufólkseklu, er öllu mannfólki var gjör eytt á jörðinni. Verkið hélt áfram og var fullkomnað, og stendur upp til þessa dags, sem völdugur vottur þekkingar hugvitssemi og dugnaðar fornaldarinnar.

Fornfræðin hefir þokað ritningunni utar, úr efsta sætinu, og sett hana á bekk með öðrum bókum fornaldarinnar—að mörgu leyti sem lærdómsríka og sérstaka bók.— En það hefir annar komið til gestabóðsins er verðugri þykir fyrir að skipa það sæti, og til þess kærkomna gests hefir allur hluti hins mentaða heims sagt „þoka þér ofar vinur“. Og þessi mannvínur, sem nú er

staddur að boðinu, er vitnisburður náttúrunnar sjálftrar, og þeirra bræðra vorra, er uppi voru um ármorgun sögunnar. Og „sá vitnisburður er sannur“, því móðir vor jörð hefir aldrei gabbað oss með einu orði, er hún hefir til vor talað, höfum vér skilið það rétt. Hæð og hóll, fjöll og dalir eru fámálug, en það sem þau mæla, þá eru það voldug orð. Því orðin sem hjá þeim eru geymd, eru skrifuð með fingri hins lifanda guðs.

Að ritningin skuli vera færð utar gremst mörgum. Ekki svo mjög vegna ritningarinnar eins og vegna þess að þeir skuli sjálfir óafvitandi hafa farið vilt. Að sá sem þeir sýndu lotninguna og klæddur var fíranlega skrudanum, glitskrautinu og guðsvefjarslæðunum, var fífið, en ekki konungurinn.



Haust eða hœkkandi skuggar.

Sumardeginum er farið að halla. Vér finnum öll til þess. Björtu kveldin öll á þessu ári eru þegar runnin í haf niður og í þeirra stað komnir næturskuggar og stjörnuljós, eða þá „aldinnu og svaðaleg nótt.“ Andvarinn blæþýði og ylhlýi, sem þerraði burt svitann eftir sumardaginn langa, er þegar horfinn. Í stað hans kominn andkaldur þytur, er ýmist gnauðar við gluggann, eða blæs á stráin—þessi sárfáu brökuðu strá, sem mannlíf og dýra hafa ekki troðið hér niður í moldina.

Það er haust—maður sér það á fleiru en þessu. Menn mætast á götunni og stanza í svip til að heilsast. Þeir eru að ganga heim að loknu erviði. En sólarglampinn deyr þeim fljótt í auga. Þeir hafa ekki mælst við mörg orð—og það er komið að sólsetur, farið að skyggja, farið að halla kveldi og þeir verða að hraða ferð heim. Vindurinn feykir upp roki á götunni. Fæt-ur þeirra hraða göngunni til húsa. Það er haust. Sumar-er-vidið hefir líka margan snert. Preytan starir þeim úr ásjónu,

nú þegar, og leggur skugga yfir upplit þeirra og augnaráð, svo að glampinn sem þeir bera í auga fyllist móðu, verður óskýr eins og aftanskin, sem er að hverfa í reykjarmekki og þoku.

En þannig kveður hvert sumar, og þannig heilsar hvert haust milljónum manna á jörðunni. En þó sérstaklega milljónumum, sem búa í borginni, í þessari borg og borgunum út um víðan heim.

Það er fagurt orð, orðið, borg. Það þýddi einu sinni „gríðastaður“, þar sem var full trygging og hlíf gegn öllum óvinum. En nú byggja jafnt borgir vinir og óvinir manna. Borgin er þó öllu meiri gríðastaður mannlegra óvina, eynda og ómensku, sálarleysis og andlegs dauða, er skríða úr músjetnu holdi lifandi sauða, en hið sanna menningarsetur, sem hún eitt sinn var. Árstíðirnar koma og fara. Og þar kveður menn sú blíðasta árstíð allra, sumartíðin, bleika á svip með útkulnaðri andans löngun, er slegið hefir „sínar tíu þúsundir“, eins og sigursöngur Davíðs hljóðaði forðum, kveður þá með örvæntingu á ásjónu, er þar hefir fest sig „eins og hrafn á hvítum leir“.

Sumarið skilur eftir þreytusvip, örkuml og minjar erviðis og baráttu. *Haustljóðurinnu* eru mennirnir með bogna bakið, óskíru augun og hnýttu hendurnar, eins og skáldið eitt komst að orði.

Er þetta í ámælissskyni sagt? Nei, öldungis ekki. En þetta er verðkaup lífsins. Því miður. Það er gjaldið, sem borg og bær þarf að svara út fyrir það, að fá málungi matar. Hver málseyri, hver sneið af brauði á borði fátæka erviðismannsins, hver sá munnbiti, sem börn hans nærast á, er keypt ur fyrir hans eigið hold og blóð. Hann gæti með sanni sagt um hina fátæklegu rétti á miðdegisborðinu: „Þetta er minn líkami, þetta er mitt blóð“.

Sú er samt eina líknin, að hin andlega tilvera manna þarf ekki að knýstast í baki og handkreppast, ef nokkuð væri framt lagt á það, en að því viljum vér víkja síðar. Haustið er gengið í garð. En haustið fáum vér ekki skoðað og shugað til fullnustu í borginni. Haustið í borginni er ekki haust. Það er að eins kvöld, boðandi hvíldarnótt, — í hönd farandi vetur. Það er

nokkurskonar fataskiftamál, þegar menn kasta sumarlíkunum og fara í vetrarfötin. Það er nokkurskonar þvottadagur, þegar menn fága blóðstorkuna úr marinu undan pálnum og undan moturhaftinum, og þeir þurka storkuna úr andlitinu, það er að segja, þeir sem ætla að hvílast á komandi vetri.

Það er að eins út um byggina, þar sem náttúran sjálf er fóstura og fræðari vor, þar sem haustið er haust. Þar er það, sem maður vaknar af sumardraumum til alvarlegra hluta. Þar er það, eins og í hinum fornu Eddusöngum, er vekur oss, „es of víði kömr morgun hverjan már“. Þar er það, sem sálin vaknar af dvala með þrá er logar eldi heitara. Far-þrá, skulum vér segja, er sumarkveðjan vekur. Og þar, þar sem haustið er haust, skulum vér athuga það. Og það er þá að blævindurinn þýði út um byggð og lönd er þegar á förum, er orðinn að laufvindi og fokvindi. Þar er skrúð trjáanna á förum. Þar gnauðar einnig haustgolan við gluggann, blæs á stráin og þýtur í skógunum. Þar bergmálar loft og láð af kvaki fugla, sem eru að kveðja— með þessum einkennilega ólýsanlega söng, er ekkert eyra fær byrgt sig fyrir.

Fyrir ofan er blár himin, undir fótum manns jörðin í visnun og undirbúningi langra nátta. Fuglarnir eru að flokka sig saman og fljúga í hópum á burt. Og skjótara en í svipan bera þeir við bláloftið, ber þessa dökku rák við himinn og líður hraðan og stílt eins og ský, í suðurátt. En það heyrir „rödd úr skýinu.“ Þaðan berst röddin, sem hvert eyra þekkir svo vel, röddin sem bergmálar í orðum skáldrins: „Nú svífið þið svanir af ströndu Eg sé það á öllu þið ætlið, í einhvern svo fjarlægagan heim“. Og það er eins og orðin í „fjarlægagan heim“ sé marg-endurtekin. Hreimurinn berst úr öllum áttum með hópunum, sem hvaðanæfa koma. Það er sumarkveðjan. Við þá sumarkveðju grípur margan mann ólýsanleg þyngsla þrá. Er það af því að hann langar einnig að svífa af ströndu „í einhvern svo fjarlægagan heim“? Er það farfýsin sem vaknar hjá honum líka, sem fastur er á fótum? Vissulega er hún djúp í manneðlinu, svo djúp að um óteljandi aldir hafa milliónir millíóna yfirgefið foreldra og heimahús til þess að svífa á burt í einhvern

fjarlægum heim, eitthvað þangað sem þráin og hugurinn hygst að finna það, sem þau halda að sig skorti. Á þann hátt hefir heimur bygst og þannig er byrjun allra þjóða að jarðarinnar endimörkum.

Farfýsin hefir og birst í fleiri myndum. Það er ekki til þess að nema lönd eða byggja nýjan heim, sem ótal fjöldi hefir lagt út í heim. Sá sem yfirgefur ætt og óðul og gerist framandi, fer land úr landi, borg úr borg, uns öll æfin er á enda liðin og hann hraðar ferðinni aftur til að deyjja. Hans leit hefir öll verið að nýjum andans heimi.

Eitt hið eftirtæktaverðasta dæmi þessa um alla fornöldina er Hallfreður Vandræðaskáld. Hvað seyddi hann og því fyltist hann ópreyju og farlöngun. Í sálu hans skiftist á von og ótti. Og án þess hann gerði, ef til vill, sjálfum sér grein fyrir því, stóð hann á stærstu tímamótum norðurlandasögunnar, er nokkru sinni hafa komið. Alt var að breytast, það var haust svipur yfir allri hinni fornu þjóðfélagsskipun, öllu hinu forna andlega lífi. Meðvitundin var altaf að verða skýrari um það, að guðirnir, sem voru eins og góðir nágrannar Norðmannsins, svo undursamlegir, fullir máttar og hjálpar, sem breytti hinum kalda hversdagslega heimi í land draumaríkis og viðburða, að þeir allir væri ekki neitt, að eins hugarsmíð og tildur og tál. Framarmeir gat enginn átt von á að hitta ókunnan mann, sem væri guð í dulargerfi, öll rómantíkin, allur töfraheimurinn var fallinn. Og svo voru haustvindarnir byrjaðir að næða. Haust vindar hinna fornu frægðar. Laufvindar er sópuðu burt öllu því liðna eins og visnuðum blöðum út um haf og lönd. Og þessi umskifti er voru í aðségi bitu á hann. Það lagðist í hann veðrið. Æfi hans öll var eins og draumaástand milli svefnis og vöku. Hann gat ekki eygt það sem verða átti og hann sá að það sem var, var hismi og missýning. Tímamót hans höfðu mist sjónar á öllum virkileguleika, það var alt í móðu. Og þess vegna reis kvíðin, þráin, farlöngunin jafn undur hátt í sálu hans. Hann leitaði að andlegri fullnægingu. Eitthvað sem hann gæti hvílt hugann við, glatt sálu sína við, en fann það aldrei. Hann fór um alt með mynd af líkneski hinnar fornu

aldar bæði í þússi sínum og í hjarta sér. En með inngangsorð umskiftanna á vörunum lést hann að lokum í regin hafi. — „Neyddr frá Njarðar Niðjum ok Krist at biðja“.—

En farfýsin birtist og í enn fleiri myndum. Með hverju hausti eru hækkandi skuggar og lækkandi sól. Skugginn legst dekkri og þyngri og hærri yfir landið. Hann legst og yfir sálu manns jafnframt. Og það er kanske þess vegna þegar svanirnin svífa af ströndu, að þráin eftir bjartari framhaldandi sumarheimi grípur þann sem eftir stendur. Í *skugganum* dökka og djúpa býr ekkert nema *tómleikinn*. Í *myrkrinu* býr ekkert nema *myrkur*. Sumarfuglinn, blómskrúðið, blævindurinn þýði er horfinn. Og er það kanske þess vegna að ómurinn í sumarkveðjunni—„í einhvern svo fjarlægum heim“—sker mann svo mjög í hjartað. Að svarið verður að bæn á vörum vorum, bæn skáldkonunnar: „Grágæsa móðir ljáðu mér vængi svo ég geti sviðið suður yfir höf“, — og enn fremur þessi hrygðarklöggun síðustu orðanna: „enga vængi á ég til utan löngun mína, utan þrá og æskulöngun mína“. Skáldið, og sála hvers eins einasta manns langar út úr skugganum. Og við þessa haustbæn skáldsins er eins og rifjist upp líka mögulegleikinn að líða, svífa á brott. Það vakna endurminningar frá sumrinu á ný, um sólskinsblettina um litlu skuggahnoðin, sem skýin köstuðu til jarðar, er þau gengu fyrir sól, en sem svífa svo dúnlétt á brott og með þeim geysihraða. Hugann langar til að ferðast með slíkri reið er hann sér grágæsamóðurina hverfa, er hann sér haustsvipinn nálgast, er hann heyrir sumarkveðju fuglanna fleygu.

En svo er og fleira, sem farfýsin vekur. Hún vekur einnig andlega farfýsi að komast á brott frá haustveðrunum, frá fokvindunum, sem þyrlla upp rykinu, sem óskýra andlitsdrætti manna, að komast á brott frá laufvindunum, sem skrælnuðn blöðin öll saman sópast í, leika þar sinn dauða ömur leik, eftir því sem vindurinn blæs, ýmist fljúga í loft upp eða kastast til jarðar, sem lúti þau einhverju guðlegu valdi, eða þá veltast og steypast áfram með skrjáfi og blisturs gnauði. Á brott frá því langar mann til að svífa. Því í þeim stormi finnur maður

til skýlisleysisins, nautnaleysisins, hugsjónaleysisins, mannskapsleysisins, tilgangsleysisins. Maður tekur ósjálfrátt undir með skáldinu: „Það skrjáfur í blöðunum feysknum á foldu og frostkaldin ömurljóð buldra við moldu. Eg fylltist hrolli af hljóði því, sem haustsins þunga býr rómi í“. Já, vér öll fyllumst hrolli af hljóði því sem býr í laufvindunum, laufvindunum í andansheimi vorum, sem sópar allri sumaruppskerunni á brott, blöðum visnum og skrælnuðum. Auðvitað er ekki það stórt uppskeru tap. En uppskeran sjálf—það er uppskeran sjálf sem þannig er, er óskir vekur að vér gætum flutt. Það er uppskeran sjálf, handfylli af visnum laufum, er kemur oss til að hrópa, hrópa til sumarsins, sem er að kveðja. „Ó, vertu hjá oss sólardásin guddómlega, þú blessaði sumarguð dvel um stund og yfirgef oss ei, eða ljá oss vængi til að fljúga með þér. Dvel hjá oss enn um stund, svo blöðin sé enn græn á kvistunum, hyl fyrir oss sannleikann, hyl, fel, fyrir oss sannleikann, að öll sumaruppskera vor sé að eins visið og skrælnað laufblað“.

Farfýsin andlega hefir oft birtst í margvíslegum myndum, og það bregður þeim sömu myndum fyrir oss enn í hugardjúpi. Flestir hafa tekið eftir myndinni, „Meyjunni við hafid“. Sú mynd er kanske ekki ein af meistaraverkum heimsins, en hún er farfýsin í lifandi mynd. Myndin sýnir meyju með flaksandi hár, í slegnum klæðum, er stendur í flæðarmálinu og réttir hendur fram mót hafinu. En hún kemst hvergi, skorður setja henni hafid. Eins og skáldkonan á hún enga vængi til, utan þrá og æskulöngun sína, eða ættum vér heldur að segja lífslöngun að komast burt úr fokvindum og laufvindum.

Þá er sagan góðkunna af Sir Galahad, ekkert nema hin andlega farfýsi, burt frá haustnæðingunum, og það sem meira er og enn eftirtektaverðara, að í þeirri sögu sem þjóðsögu, þar talar hugur og sál og hjarta fjöldans, fjöldans sem jafnaðarlegast er svo vær og rólegur og virðist eiga svo lítið til af sálarþrá. En þar talar hún átakanlegum orðum í hinni endalausú leit riddarans að kaleiknum helga, að drykknum, sem svalar, að hugsuninni, sem lyftir upp sálinni, að lífinu, sem þess vert sé að lifa. Og heimsfrægur málari hefir sett alla þessa sögu í

myndir, og myndirnar tákna framsóknarlöngun mannsins og hvað hún hefir afrekað. Enda á sú saga engar aðrar myndir til.

Og enn eru fleiri sögur er sýna farfýsina andlega hvað betur, og megum vér þá ekki gleyma hinni ódauðlegu sögu vorri af Heimi og Áslaugu.—Hvað er markvert við þá sögu? spyr margur. Lítið eða ekkert,—að eins maður, sem aumkar sig yfir munaðarlaust barn og flytur það á fjarlægagan stað.

Dauf og óskýr er þó sú sjón orðin, sem ekkert sér þar meira. Sem ekki sér það, að framtíðin, framsóknarþráin er enn og verður alltið barn, sem hulið er í hörpu þess er kemur frá Hlymsdölum.....

En vér erum að fhuga haustið og farþrána sem því fylgir, skuggana, sem teygja sig yfir vegu vora og yfir mörk og dali, haustið eins og það heilsar yfir sveit og lönd, eða haustið eins og það heilsar öllum, sem enn finna til hins órjúfandlega sambands milli mannlífsins og náttúrunnar.

Í fjarska sjáum vér hinar undurfullu myndir farfýsinnar eins og hún hefir birst á meðal mannanna dáu dætra og sona. Hér nær oss sjáum vér þau hamaskifti, sem fólk er að taka á sig sem haustkomu boðan. Og vér höfum sagt að sú væri huggunin, að jafnvel þótt vér byggjum í borg, þá þyrfti þó ekki vor andlega hugsjón og þrá og löngun að kreppest í baki og knýttast á hönd.

Og vér endurtökum það á ný, að þess gerist ekki þörf. En í hvaða mynd birtist hin andlega farfýsi vor? Er það víst að sálarþrá vor sé ekki farin að kreppest? Eftir því sem vér fáum bezt skilið er hugsjónalöngun vor annaðhvort ekki vöknud enn, ella hún er dauð. Sé það, þá er hún ekki farin að kreppest, en hún er þá orðin stirðnað lík. Og hvað bendir til þess?

Og það er hið fyrsta, að vér eigum ekki nú orðið, eða förum ekki að eiga nokkurt hugsjónalíf til. Vér höfum átt skáld hér á meðal vor, en þau hafa verið svelt í hel, og ég á hér ekki við efnalega, heldur andlega,—þau eru dáiin.—Þau hafa reynt að kveða í oss hug og sannleiksást, en það hefir til einskis verið. Þau hafa reynt að kveða í oss skilning og

smekkvísi, en á það hefir enginn hlustað, þau hafa reynt að vekja upp fegurðar tilfinningu, velsæmi og hjartagæzku, en það hefir verið óvinnanleg borg. Þau hafa reynt að skýra sjónir vorar, draga skýluna frá andlitum vorum, en þá höfum vér jafnharðan sett upp lituðu glerin að vér skyldum ekki að heldur sjá. Alt vort andlega loft hefir verið þeim eituroft. Enda er söngur þeirra allra nú sem næst þagnaður. Þau hin eldri hafa þegar kveðið alt sem þau munu kveða, því engir nýir straumar hafa risið vor á meðal, er veiti þeim viðhald eoa veki hjá þeim nýtt andlegt líf.

Vér höfum átt málara, en listaverk þeirra verða engin, vegna þess að list og fegurð er verðlaus varningur vor á meðal. Hvað ætti þeir að mála?

„Fræði, hver mun hirða hér um fræði“. Að eins að sýnast. Enda eigum vér enga fræðimenn. Rit eigum vér engin, að eins nokkur blöð, hvert öðru andlausara, með innsiglin á enni sér og á brjósti sér, vors sálarlausa andlausa þjóðlífs.*

Eitt átakanlegasta dæmi vorra hugsjóna rýrðar er uppþot eins og þau, er nýskeð hafa verið í blöðunum. Vér þurfum ekki að lýsa hver þau eru, nægilegt er að minna á það, að umræðurnar hafa spunnist út af peningum, og snúist um peninga. Þau mál hafa ætíð verið háværust og þótt taka dýpst ofan í þjóðlífið.

En annar vottur þess hve lítið vér þráum, hve haustlöngun vor og vorlöngun er helst engin, er hve lítið má marka það sem nefnt er sannfæring. Vér getum aldrei verið viss um að einn eða annar hafi eignast sannfæringu. Menn eru með oss í dag, sem snúast á móti oss á morgun, heitir í dag, kaldir á morgun, og þó er það ekki af persónulegum hvötum, heldur af trúleysi á nokkurt mál, hirðuleysi með á hverju gengur. Vilja gjarnan vera eitt laufið sem fýkur.

*) Eitt þeirra er þó, ef til vill, öðru fremra. Því að það telur til mikilsverðustu tíðinda menningarsögunnar strompa og reykháfa, enda setur það á merkisfána sinn: „Til stuðnings vesturíslenzkri menning“.

En eigum vér þannig enn þá að ganga á móti vetri? Á sól-
arroði haustkvöldsins að eins að vera deyjandi dagsrönd, sem
boði missirislanga nótt, eða hver veit hvað langa? Fáum vér
ekki heyrt sönginn „í einhvern svo fjarlægum heim“? Getum
vér ekki „fylst hrolli af hljóði því, sem haustsins þunga býr
rómi í“, eins og það nú horfir við oss? Ógnar oss ekki „ógnar
tómið eftir hvern liðinn dag“?—Þótt vetrarnóttin sé löng, þá er
vetrarhimininn oft bjartur. Blyskyndlar norðurljósanna og
stjarnanna óteljandi lýsa. Geislabrot þeirra glitra og endur-
speglast jafnvel í hjarninu og vetrarfönninni. Ætti það ekki
að koma oss, að minsta kosti, til þess að líta upp? já, upp og
fram. Að horfa eftir ljósinu að ofan, og horfa eftir því, horfa
eftir því lengur og lengur, unz bregður svoltílli birtu yfir hug-
skot vor. Örltill geisli að ofan getur gert oss bæði leiðina,
og æfina, skýrari og hægrataðri, þar til betur birtir. Það sé
haustþankar vorir, það sé ásetningur vor. „Enga vængi á eg
til“, en fram, fram samt. Notum fæturna fyrst vér eigum ekki
vængi.



Tvö kvæði.

EFTIR

Sig. Júl. Jóhannesson.



Til „Heimismanna.“

Eg starfsmenn sé við hleðslu hárra veggja,
þá hindrar ekki framur stormur neinn,
og þar eg feginn völu vildi leggja,
sem verða mætti lítilla skorðu-steinn.

Eg á ei ráð á neinum tröllatökum,
en tungan er þó laus og penninn frjáls,
ef tíminn veitti stund að sinna stökum
og stefna þeim að liði göfugs máls.

Eg veit þið megið velta grjóti þungu ;
hvert veglegt smíði heimtár afl og þor ;
eg veit hvað leiðin grýtt er öllu ungu,
sem ekki þýðist gömul króka spor.

Að reisa borg á bjargi staðvænlegu,
sem breyttist ekki' í sand við heilbrigð rök
og ryðja þunga breiða beina vegu,
sú bygging kostar, þásund grettis tók.

Það fjöldinn telur fordæmingar efni,
að fletta nýju blaði í lífsins bók ;
hann skoðar það sem skort á undirgefni,
að skygnast inn í nokkurn hulinn krók.

En sé það smán að hafna fornum fræðum
og fylla hóp í nýrri siðaleit,
þá er það líka skömm að skifta klæðum,
og skömm að bæta flík, er tíminn sleit.

Skammsýni.

Á hringlanda lífsins og hávaða' og glaum
vér hlustum, og niðinn í tímann straum,
er stefnulaust hrekur vort flughraða fley,
en fínustu nóturnar heyrum vér ei.

Og mund vor er njólanum hlífín og holl,
sem hreykir sér efst upp á grápúfu koll;
vér styðjum það gjarna, sem stærðina hlaut,
en stígum á blómið, sem sprettur í laut.



Nýr Jónas og hvalur.

Trúboði kyrkjufélagsins í íslenzku bygðarlögunum við Foam Lake sagði sögu þá sem hér fer á eftir, sem nútíðar sönnunartvöngur um bókstaflegan sannleika spámannssögunnar fornu. „Nú fyrir fáum árum síðan voru menn að hvalaveiðum norður í íshöfum. Dag einn gekk á með ofsaveðri svo að lá við að skip og menn týndust. Áður en veðrinu slotaði tók einn skipverja út, en þar var hvalur skamt frá og gleypsti hann manninn jafnskjótt og hann steyptist í sjóinn. Þó ekki væri til annars en hefna félaga síns vildu skipverjar handsama hvalinn og drepa hann. Í tvo daga reyndu þeir að ná hvalnum og tókst þeim það að lokum. Og er þeir höfðu opnað hann, kom maðurinn heill á hófi úr hvalmaganum. En að vísu var hann orðinn *sútaður*“, bætti trúboðinn við.

„Margt er gil í geiminum“, orti Sveinn um árið.

Nú er kornskerutíminn liðinn og það er búið að safna hveitinu í kornhlöður og brenna illgresið á ökrunum. Heimir er því að vona að vinir og kaupendur sínir fari að minnast sín. Utanáskriftin er:

Heimir, 582 Sargent Ave. Winnipeg.

Þangað eiga öll bréf að sendast blaðinu viðvíkjandi.

HEIMIR kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn. — Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbyggingunni austan við Unitarakerkjuna, á suðausturborninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man. —

Ritstjóri stra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.